

Göngutúr að Vatninu og Leynirjóðri – 3. maí 2010

Mánudaginn 3. maí 2010 í hópastarfstíma fóru allir í Bjarnalundi saman í göngutúr, við fórum með myndavél og við vildum taka myndir af því sem börnunum fannst spennandi og því sem þau voru að gera. Börnin fundu strax holu, rétt fyrir utan leikskólann sem var spennandi því þar ofan í var kex, börnin sögðu að köngulær væru að borða það (en voru í raun flugur).



Við gengum að Vatninu og við vildum kíkja á ungana sem við vissum að væru nú þar en þeir voru allir komnir langt út á vatn þegar við komum að. Við köstuðum steinum í Vatnið og lékum með bát sem við fundum. Við gengum síðan meðfram Vatninu áfram og stoppuðum hjá bekknum og héldum áfram að kasta steinum og ganga á stórum steinum og skoða og rannsaka svæðið.

Við hittum Sigga náttúrufræðikennara sem spurði



hvort við vissum um leiðina að Leynirjóðri meðfram læknum og sýndi okkur leiðina og gekk með okkur. Gönguleiðin var dálítið erfið meðfram læknum þar sem var mikið um hóla og hæðir og mjúkur jarðvegur sérstaklega fyrir stutta fætur. En það voru allir glaðir að hafa fengið að sjá þennan ævintýrlega stað sem er stutt frá Leikskólanum en við höfðum aldrei komið þar áður. Leynirjóður er fallegur staður sem grunnskólabörnin nota í útiskólanum, þar er skýli þar sem



Deildin Bjarnalundur

börnin geta setið undir og trjábolir sem hægt er að sitja á, með eldstæði til að elda kakó sagði Siggi okkur og stundum baka þau pizzu í öðru eldstæði/ofni sem er þar. Börnunum fannst þetta svæði mjög flott og kennararnir líka. Við sátum öll spennt og hlustuðum á Sigga segja okkur sögu frá þessum stað og hvaða gönguleiðir væri hægt að fara til baka. Börnin sungu lagið *Baggalútur* fyrir Sigga og hundinn hans og fóru síðan að rannsaka staðinn, klifra og leika sér.



Síðan var klukkan orðin ansi margt svo við fundum

fljótustu leiðina tilbaka á leikskólann í hádegismat, sumir voru þreyttir og þurftu hjálp á leiðinni en aðrir voru í stuði að hlaupa í skóginum að leikskólanum. Þetta var mjög skemmtileg ævintýrleg ferð sem við eigum vonandi eftir að fara aftur í núna í sumar.

Thoralf, Sigurður Darri, Ingvar Jökull, Stefanía Maren, Gunnar Geir, Egill Freyr, Kári, Carmen Ásbjörg, Auður, Guðmundur Óskar, Kristján Kári, Friðrik, Logi, Roswitha, Fríða og Elín Anna.

